

## Kaup Stál í stál ehf. á Deili tækjapjónustu ehf.

### I. Málsmeðferð

1. Með samrunaskrá, dags. 2. febrúar 2021, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Stál í stál ehf. (hér eftir Stál í stál) á heildarhlutafé Deili Tækjapjónustu ehf. (hér eftir Deilir). Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a sömu laga.
2. Að mati Samkeppniseftirlitsins var samrunaskráin fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Byrjuðu því frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann að líða miðvikudaginn 3. febrúar 2021.
3. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og afhentra gagna frá samrunaaðilum. Þá aflaði Samkeppniseftirlitið jafnframt upplýsinga frá Skattinum um heildarveltu fyrirtæka sem hafa tiltekin ÍSAT skráningarnúmer. Einnig átti Samkeppniseftirlitið samtöl við ýmsa keppnauta og viðskiptavini samrunaaðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum.
4. Meðferð málsins lauk með bréfi, dags. 9. mars 2021, en með því tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að það teldi ekki forsendur til þess að aðhafast vegna samrunans. Vegna anna yrði rökstuðningur í formi ákvörðunar birtur síðar.

### II. Samruninn

5. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki yfir annað fyrirtæki eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Stál í Stál á öllu hlutafé í Deili felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

#### 1. Samrunaaðilar

6. Samkvæmt samrunaskrá er Stál í Stál eignarhaldsfélag í eigu SÍA III slhf., SA ehf. og DTL Consulting S.A., Lúx. Fjallað var um kaup SÍA III slhf., á 70% hlut í Stál í stál, í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2018, en í því tilviki var um svokallaðan samsteypusamruna að ræða. Í því felst að samrunaaðilar störfuðu á ótengdum mörkuðum og samruninn leiddi ekki til



sambjöppunar á þeim mörkuðum sem aðilar samrunans störfuðu á. Samkvæmt samrunaskrá á Stál í stál tvö dótturfélög; Hamar ehf. (hér eftir Hamar) og Idea ehf. (hér eftir Idea).

7. Í samrunaskrá kemur fram að Hamar sé félag í fullri eigu Stál í stál. Samkvæmt samrunaskrá starfar fyrirtækið á sviði málmtækniíðnaðar auk þess að sinna reglubundnu viðhaldi og þjónustu m.a. fyrir iðnaðar-, sjávarútvegs- og matvælafyrirtæki um land allt. Í samrunaskrá segir að tilgangur félagsins sé samkvæmt samþykktum þess rekstur vélsmiðju, inn- og útflutningur, heild- og smásölurekstur, rekstur fasteigna, lánstarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur.
8. Í samrunaskrá kemur fram að Idea sé jafnframt í fullri eigu Stál í stál. Samkvæmt samrunaskrá sinnir félagið eignarhaldi, rekstri, útleigu fasteigna og útleigu lausafjár. Meginstarfsemi félagsins sé útleiga til félaga innan samstæðu en mjög afmarkaður hluti tekna sé tilkominn vegna leigu fasteignar til aðila utan samstæðu.
9. Hvað varðar Deili segir í samrunaskrá að félagið sé í fullri eigu Energis ehf. Samkvæmt samrunaskrá sé Deilir þjónustufyrirtæki á sviði vélbúnaðar- og tæknilausna sem bjóði fjölbreyttar véla- og tæknilausnir til orku- og veitufyrirtækja. Meginstarfsemi félagsins snúi að vélbúnaðarþjónustu, innflutningi á búnaði og hvers konar tækniþjónustu; allt frá undirbúningi verkefna til gangsetningar, reksturs og viðhaldsþjónustu þeirra lausna. Þá sinni Deilir einnig ráðgjafþjónustu vegna reksturs jarðvarmaorkuvera.

## **2. Markaðir máls, hlutdeild á þeim og mat á áhrifum samrunans**

10. Við mat á samruna verður samkvæmt samkeppnislögum að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Hér verður fjallað um markaði málsins og mat lagt á áhrif samrunans.
11. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.
12. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara og staðgöngubjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu að mati neytenda.
13. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

### **2.1. Sjónarmið samrunaaðila um markaði máls, hlutdeild og áhrif samrunans**

14. Í samrunaskrá segir að sú starfsemi sem skarast á milli samrunaaðila sé á markaði fyrir málmtækniíðnað en bæði hluti af starfsemi Deilis og starfsemi Hamars, annars dótturfélags



Stál í stál, starfa á þeim markaði. Að mati samrunaaðila sé ekki þörf á að afmarka þann markað með frekari hætti í undirmarkaði. Verði það engu að síður talið nauðsynlegt, kæmi helst til álita að greina markað á málmtækniðnað í eftirfarandi:

- i. markaðar fyrir viðhald- og viðgerðir og nýsmíði;
- ii. markaðar fyrir innflutning og sölu á vörum og þjónustu; og
- iii. markaðar fyrir ráðgjöf og hönnun.

15. Samkvæmt samrunaskrá starfa báðir samrunaaðilar, þ.e. Deilir og Hamar, á markaði fyrir málmtækniðnað og sinna m.a. reglubundnu viðhaldi, nýsmíði og þjónustu á því sviði ásamt því að sinna ráðgjöf og hönnun og innflutningi á vörum og þjónustu. Samrunaaðilar telja að leggja beri til grundvallar markað fyrir málmtækniðnað, sem einn vöru- og þjónustumarkað. Telji Samkeppniseftirlitið tilefni til þrengri markaðsskilgreiningar á vöru- og þjónustumarkaði er það mat samrunaaðila að Hamar og Deilir myndu að öllum líkindum ekki teljast starfa á sama markaði.
16. Fram kemur í samrunaskrá að viðskiptavinir samrunaaðila séu að mestu leyti ólíkir. Stærstu viðskiptavinir Deilis séu orku- og veitufyrirtæki, en stærstu viðskiptavinir Hamars séu aftur á móti fyrirtæki í stóriðju og útgerðarfyrirtæki. Að mati samrunaaðila hefur því fyrirhugaður samruni ekki áhrif á samsetningu markaða eða samkeppni á neinum mörkuðum.
17. Samkvæmt samrunaskrá kemur ekki til skörunar við starfsemi annarra fyrirtækja samrunaaðila. Líkt og framan greinir kemur fram í samrunaskrá að Stál í stál sé eignarhaldsfélag sem starfi á markað fyrir fjárfestingarstarfsemi. Þá sé Idea jafnframt eignarhaldsfélag um lausafé, fasteignir og lóðir sem að langmestu leyti séu notaðar af samstæðu Stál í stál.
18. Að mati samrunaaðila ríkir mikil samkeppni á þeim mörkuðum þar sem áhrifa samrunans kann að gæta. Samrunaaðilar telja að fjölmargir aðilar starfi á markaði málmtækniðnaðar og eigi það einnig við þó þrengri markaðsskilgreiningu sé beitt. Að mati samrunaaðila leiðir samruninn vegna fyrirhugaðra viðskipta ekki til þess að samkeppni á markaði raskist þar sem þeir telja markaðshlutdeild sína á markaði fyrir málmtækniðnað vera óverulega og að starfsemi þeirra skarist ekki nema að takmörkuðu leyti. Jafnframt telja samrunaaðilar að á mörkuðum málsins séu aðgangshindranir, kaupendastyrkur mikill og samkeppnislegur þrýstingur frá samkeppnisaðilum hérlendis og annars staðar innan EES slíkur að samruninn muni engin marktæk áhrif hafa á samkeppni.
19. Hvað varðar landfræðilega skilgreiningu á framangreindum markaði kemur fram í samrunaskrá að samrunaaðilar búa við mikið samkeppnislegt aðhald frá aðilum utan Íslands. Að mati samrunaaðila eigi kaupendur vöru og þjónustu í talsverðum mæli viðskipti við erlenda aðila þar sem bæði innlendir aðilar sækja erlendan markað og öfugt. Þá sækja orkufyrirtæki einnig viðhalds- og viðgerðarþjónustu til innlendra sem og erlendra aðila. Því telja samrunaaðilar að sterk rök mæli með því að landfræðilegi markaðurinn afmarkist ekki eingöngu við Ísland. Í samrunaskrá kemur fram að dæmi séu þess hjá fyrirtækjum í stóriðju að stærri búnaður sé fluttur á milli landshluta til viðhalds og viðgerða auk þess að aðilar sem starfa á viðkomandi markaði taka í mörgum tilvikum fram á heimasíðu sinni að þeir sinni verkefnum á landinu öllu. Að mati samrunaaðila er því markaður málsins ekki minna svæði en landið allt.



### 2.1.1.1. Mat samrunaaðila á hlutdeild

20. Hvað varðar mat samrunaaðila á hlutdeild á framangreindum markaði kemur fram í samrunaskrá að þeir telji nokkuð erfitt að áætla heildarstærð þeirra. Að mati samrunaaðila sé umtalsverður fjöldi keppinauta, bæði stórir og smáir, sem starfa á mörkuðum málsins. Hvað varðar markað fyrir málmtækniðnað telja samrunaaðilar að hann sé afar sundurleit, einkum þegar litið er til þess að stór hluti samkeppnisaðila stunda einnig starfsemi á öðrum mörkuðum. Þá telja samrunaaðilar að stærri alhliða verktakafyrirtæki sem sinna jafnt þjónustu fyrir fyrirtæki í stóriðju og iðnaðarrekstri veiti mikið samkeppnislegt aðhald.
21. Fram kemur í samrunaskrá að við áætlun samrunaaðila á markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja sem starfa á sama vöru- og þjónustumarkaði hafi verið litið til aðgengilegra upplýsinga um umsvif fyrirtækja, þ.m.t. ársreikninga og borið saman opinberar tölur frá Hagstofu Íslands. Eftirfarandi tafla byggist á upplýsingum úr samrunaskrá miðað við fjölda skráðra fyrirtækja árið 2019 samkvæmt ÍSAT atvinnugreinarflokki.

ÍSAT skráningarnúmer	Lýsing	Skráð fyrirtæki
25.62.0	Vélvinnsla málma	326
33.12.0	Viðgerðir á vélbúnaði	73
33.15.0	Viðgerðir og viðhald á skipum og bátum	48
	<b>Samtals</b>	<b>447</b>

Aðalskráning Hamars er vélvinnsla málma á meðan aðalskráning Deilis er viðgerðir á vélbúnaði.

22. Að mati samrunaaðila veitir sá fjöldi fyrirtækja sem tilgreindur er í töflunni aðeins vísbendingu um þau fyrirtæki sem stunda starfsemi á umræddum sviðum. Sé það einkum vegna fjölda erlendra fyrirtækja sem og fyrirtækja sem sinna eigin viðhalds og viðgerðarþjónustu. Í samrunaskrá kemur fram að sé byggt á veltutölum fyrirtækja í þeim ÍSAT flokkum sem tilgreindir eru í töflunni hér að ofan nam heildarstærð markaðarins árið 2018 um 49,1 milljarða króna. Samkvæmt ofangreindri nálgun er það mat samrunaaðila að sameiginleg áætluð markaðshlutdeild Hamars og Deilis sé 5%. Því geti hvorki Hamar né Deilir talist vera í markaðsráðandi stöðu.

## 2.2. Mat Samkeppniseftirlitsins

23. Líkt og að framan greinir telja samrunaaðilar að skörun á rekstri félaganna sé helst á markaði fyrir málmtækniðnað, en starfsemi félaganna sé þó ólík og viðskiptavinir þeirra að stærstum hluta ekki þeir sömu.
24. Við meðferð málsins átti Samkeppniseftirlitið samtöl við ýmsa keppinauta og viðskiptavini samrunaaðila, m.a. um mat þeirra á mögulegri skilgreiningu á mörkuðum þessa máls. Í þeim samtölum kom m.a. fram að starfsemi félaganna sé ekki á sömu sviðum. Þannig sé starfsemi Deilis töluvert sérhæfðari og snúi að stórum hluta að viðhalds- og viðgerðarverkefnum á tilteknum búnaði í varmaafsvirkjunum. Aftur á móti sé starfssvið Hamars breiðara og með samrunanum sé Hamar að víkka út starfssvið sitt enn frekar.
25. Að virtum fyrirbyggjandi upplýsingum í samrunaskrá er það mat Samkeppniseftirlitsins að hafa megi hliðsjón af markaðsskilgreiningu samrunaaðila við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Þó taldi eftirlitið rétt að miða við þrengri skilgreiningu á landfræðilegum markaði málsins, þ.e. að hann afmarkist við Ísland. Samkeppniseftirlitið telur hvorki tilefni til þess að taka




afstöðu til endanlegrar skilgreiningar vöru- eða landfræðilegs markaðar málsins í málinu þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

26. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.
27. Að mati eftirlitsins gáfu upplýsingar í samrunaskrá um veltu félaganna á framangreindum sviðum, sem og fjöldi mögulegra keppnauta, ekki tilefni til frekari gagnaöflunar um stöðu samrunaaðila á mörkuðum. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans telur eftirlitið rétt að líta til þess að nokkur fjöldi fyrirtækja veitir samrunaaðilum samkeppnislegt aðhald á umræddum mörkuðum og ekki eru vísbendingar um að hlutdeild þeirra á umræddum sviðum sé svo há að hún sé líkleg til að leiða til markaðsráðandi stöðu eða umtalsverðrar röskunar á samkeppni. Þá liggur fyrir að skörun í starfsemi samrunaaðilar á markaði málsins er takmörkuð. Í ljósi framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til íhlutunar vegna kaupa Stál í Stál á Deili tækniþjónustu.

### III. Ákvörðunarorð:

**„Í kaupum Stál í stál ehf. á öllu hlutfé í Deili tækjaþjónustu ehf. felst samruni. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið  
  
Páll Gunnar Pálsson